

REGLUGERÐ

um barnamat fyrir ungbörn og smábörn.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um eftirtalin matvæli sem er ætlað að fullnægja sérstökum næringarþörfum heilsuhraustra ungbarna og smábarna. Efnisákvæði reglugerðarinnar eiga þannig við um matvæli fyrir ungbörn sem verið er að venja af brjósti og fyrir smábörn þegar um er að ræða viðbót við mataræði þeirra og/eða þegar verið er að venja þau á almennt fæði:

a. Tilbúinn barnamat, þar sem uppistaðan er korn sem skiptist niður í eftirfarandi fjóra flokka:

- Einfaldar kornvörur sem eru hrærðar út eða hræra skal út með mjólk eða öðrum heppilegum næringarvökva.
- Kornvörur, að viðbættum próteinríkum fæðutegundum, sem eru hrærðar út eða hræra skal út með vatni eða öðrum próteinfríum vökva.
- Pasta sem nota skal eftir að það hefur verið soðið í vatni eða öðrum heppilegum vökva.
- Tvíbökur og kex sem neyta má beint eða mylja út í vatn, mjólk eða annan heppilegan vökva.

b. Annan barnamat fyrir ungbörn og smábörn þar sem uppistaðan er ekki korn.

Reglugerðin gildir ekki um mjólkurvörur ætlaðar smábörnum.

Ákvæði reglugerðarinnar ná þó ekki til barnamatar sem ætlaður er til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða í þessari reglugerð er sem hér segir:

Ungbörn eru börn yngri en 12 mánaða.

Smábörn eru börn á aldrinum eins til þriggja ára.

Barnamatur er matur fyrir ungbörn og smábörn.

Varnarefnaleifar eru leifar af varnarefnum ásamt umbrots-, niðurbrots- og myndefnum þeirra.

II. KAFLI

Samsetning, efnainnihald og merking.

3. gr.

Barnamatur skal framleiddur úr innihaldsefnum sem staðfest hefur verið með viðurkenndum vísindarannsóknum að henti næringarþörf ungbarna og smábarna.

Tilbúinn barnamatur þar sem korn er uppistaðan skal uppfylla viðmiðanir um samsetningu sem eru tilgreindar í viðauka I.

Barnamatur, sem er lýst í viðauka II, skal uppfylla viðmiðanir um samsetningu sem þar eru tilgreindar.

Óheimilt er að markaðssetja barnamat nema hann uppfylli ákvæði þessarar reglugerðar.

4. gr.

Íblöndun næringarefna.

Við framleiðslu á barnamat er einungis heimilt að bæta þeim næringarefnum, sem eru skráð í viðauka IV.

5. gr.

Varnarefnaleifar.

Í barnamat skulu ekki vera nein efni í því magni sem stefnt getur heilsu ungbarna og smábarna í hættu.

Barnamatur skal ekki innihalda meira af leifum einstakra varnarefna en sem nemur 0,01 mg/kg nema að því er varðar þau efni sem tiltekin viðmiðunarmörk hafa verið ákvörðuð fyrir í viðauka VI en í því tilviki skulu þau sérstöku mörk gilda.

Óheimilt er að nota varnarefnin í töflum 1 og 2 í viðauka VII við framleiðslu á landbúnaðarafurðum sem notaðar eru til framleiðslu á barnamat. Við eftirlit skal litið svo á varðandi magn þessara varnarefna að þau hafi ekki verið notuð ef leifar þeirra eru ekki meiri en 0,003 mg í hverju kg af vörunum tilbúnum til neyslu.

Greiningaraðferðir til þess að ákvarða innihald varnarefnaleifa skulu vera staðlaðar og almennt viðurkenndar.

6. gr.

Merking.

Merkingar á umbúðum vara sem reglugerð þessi tekur til skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 503/2005 um merkingu matvæla, með síðari breytingum, og reglugerðar nr. 757/2002 um sérfæði, með síðari breytingum, auk þess skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðum:

- Upplýsingar um fyrir hvaða aldurshóp varan er ætluð með hliðsjón af samsetningu hennar, áferð og öðrum sérstöku eiginleikum. Óheimilt er að tilgreina að vara sé ætluð ungbörnum yngri en 4 mánaða. Heimilt er að mæla með notkun vöru fyrir ungbörn frá fjögurra mánaða aldri, nema óháðir aðilar með þekkingu á sviði lækisfræði, næringarfræði eða lyfjafræði eða annað fagfólk, sem er ábyrgt fyrir ungbarna- og mæðravernd, ráðleggi annað.
- Ef varan er ætluð ungbörnum yngri en sex mánaða skulu koma fram upplýsingar um hvort glúten er í vörunni eða ekki.
- Orkugildi í kílójúlum (kJ) og kílókaloríum (kcal) ásamt prótein-, kolvetna- og fituefnainnihaldi, gefið upp sem tölugildi í 100 g eða 100 ml af vöru eins og hún er seld og, þar sem við á, miðað við tiltekið magn tilbúinnar vöru sem ráðlagt er að neyta.
- Meðalmagn hvers steinefnis og hvers vítamíns, sem gildi eru tilgreind fyrir í viðauka I og II, gefið upp sem tölugildi í 100 g eða 100 ml af vöru eins og hún er seld og, þar sem við á, miðað við tiltekið magn tilbúinnar vöru sem ráðlagt er að neyta.
- Leiðbeiningar um hvernig ber að tilreiða vöruna, ef nauðsyn krefur, og yfirlýsing um mikilvægi þess að fylgja þeim leiðbeiningum.

Eftirfarandi má koma fram:

- Meðalmagn næringarefnanna, sem talin eru upp í viðauka IV, komi það ekki fram skv. ákvæði d-liðar 1. mgr., gefið upp sem tölugildi í 100 g eða 100 ml af vöru eins og hún er seld og, þar sem við á, miðað við tiltekið magn tilbúinnar vöru sem ráðlagt er að neyta.
- Auk tölulegra upplýsinga, upplýsingar um vítamín og steinefni sem eru tilgreind í viðauka V, gefnar upp sem hlutfall viðmiðunargilda sem þar eru gefin upp, miðað við 100 g eða 100 ml vörunnar eins og hún er seld og, þar sem við á, tilgreint magn vöru sem ráðlagt er að neyta, að því tilskildu að magnið í vörunni sé a.m.k. 15% af viðmiðunargildunum.

III. KAFLI

Eftirlit og gildistaka.

7. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Matvælastofnunar, hver á sínum stað, eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

8. gr.

Viðurlög.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti sakamála.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stöð í lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af efnisákvæðum tilskipunar nr. 2006/125/EB um barnamat þar sem korn er uppistaðan og barnamat fyrir ungbörn og smábörn. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 140/2003 um barnamat fyrir ungbörn og smábörn.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 4. ágúst 2009.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.*Baldur P. Erlingsson.*

VIÐAUKAR

(sjá PDF-skjal)

VIÐAUKI I

Samsetning tilbúins barnamatar þar sem korn er uppistaðan og sem ætlaður er ungbörnum og smábörnum.

Kröfurnar um næringarefni, eiga við um vörur sem eru tilbúnar til notkunar og eru markaðssettar þannig eða endurgerðar samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.

1. Korninnihald.

Tilbúinn barnamatur þar sem korn er uppistaðan er aðallega framleiddur úr einni eða fleiri tegundum malaðs korns og/eða sterkjurikum rótarávöxtum. Magn korns og/eða sterkjurikra rótarávaxta skal vera a.m.k. 25% af þurrvigð endanlegu blöndunna.

2. Prótein.

2.1. Próteininnihald í vörum sem tilgreindar eru í 2. og 4. tl. a-liðar 2. mgr. 1. gr. skal ekki vera meira en 1,3 g/100 kJ (5,5 g/100 kkal).

2.2. Magn viðbætts próteins í vörum sem tilgreindar eru í 2. tl. a-liðar 2. mgr. 1. gr. skal ekki vera minna en 0,48 g/100 kJ (2 g/100 kkal).

2.3. Magn próteinríkra fæðutegunda, sem notaðar eru við framleiðslu á kexi, sbr. í 4. tl. a-liðar

2. mgr. 1. gr. og eru kynntar sem slíkar skal ekki vera minna en 0,36 g/100 kJ (1,5 g/100 kkal).

2.4. Efnastuðull viðbætts próteins skal vera að minnsta kosti 80% af viðmiðunarpróteininu (kasíni, sbr. skilgreiningu í viðauka III) eða próteinorkuhlutfall (PER) próteinsins í blöndunni skal jafngilda a.m.k. 70% af próteinorkuhlutfalli viðmiðunarpróteinsins. Einungis er heimilt að bæta við aminosýrum í þeim tilgangi að auka næringargildi próteinblöndunnar og þá aðeins í þeim hlutföllum sem eru nauðsynleg til þess að ná því markmiði.

3. Kolvetni.

3.1. Ef súkrósa, frúktósa, glúkósa, glúkósasírópi eða hunangi er bætt í vörurnar sem um getur í 1. og 4. tl. a-liðar 2. mgr. 1. gr. skal:

magn viðbættra kolvetna af þessum uppruna ekki vera meira en 1,8 g/100 kJ (7,5 g/100 kkal), magn viðbætts frúktósa ekki vera meira en 0,9 g/100 kJ (3,75 g/100 kkal).

3.2. Ef súkrósa, frúktósa, glúkósasírópi eða hunangi er bætt í vörurnar sem um getur í 2. tl. a-liðar 2. mgr. 1. gr. skal:

magn viðbættra kolvetna af þessum uppruna ekki vera meira en 1,2 g/100 kJ (5 g/100 kkal), magn viðbætts frúktósa ekki vera meira en 0,6 g/100 kJ (2,5 g/100 kkal).

4. Fituefni.

4.1. Innihald fituefna í vörum sem tilgreindar eru í 1. og 4. tl. a-liðar 2. mgr. 1. gr. skal ekki vera meira en 0,8 g/100 kJ (3,3 g/100 kkal).

4.2. Innihald fituefna í vörum sem tilgreindar eru í 2. tl. a-liðar 2. mgr. 1. gr. skal ekki vera meira en 1,1 g/100 kJ (4,5 g/100 kkal). Ef innihald fituefna er meira en 0,8 g/100 kJ (3,3 g/100 kkal) skal:

magn lársýru ekki vera meira en 15% af heildarinnihaldi fituefna, magn mýristínsýru ekki vera meira en 15% af heildarinnihaldi fituefna, magn línólsýru (í formi glýseríða = línóleata) ekki vera minna en 70 mg/100 kJ (300 mg/100 kkal) og ekki meira en 285 mg/100 kJ (1.200 mg/100 kkal).

5. Steinefni.**5.1. Natríum.**

Einungis má bæta natríumsöltum í tilbúinn barnamat, þar sem uppistaðan er korn, í tæknilegum tilgangi, magn natríums í tilbúnum barnamat, þar sem uppistaðan er korn, skal ekki vera meira en 25 mg/100 kJ (100 mg/100 kkal).

5.2. Kalsíum.

5.2.1. Magn kalsíums, í vörum sem tilgreindar eru í 2. tl. a-liðar 2. mgr. 1. gr. skal ekki vera minna en 20 mg/100 kJ (80 mg/100 kkal).

5.2.2. Magn kalsíums í vörum sem tilgreindar eru í 4. tl. a-liðar 2. mgr. 1. gr. og eru framleiddar með því að bæta við mjólk (mjólkurkex) og kynntar þannig, skal ekki vera minna en 12 mg/100 kJ (50 mg/100 kkal).

6. Vítamín.

6.1. Í tilbúnum barnamat, þar sem korn er uppistaðan, skal magn þíamíns vera að minnsta kosti 25 µg/100 kJ (100 µg/100 kkal).

6.2. Fyrir vörur sem tilgreindar eru í 2. tl. a-liðar 2. mgr. 1. gr.:

	Á 100 kJ		Á 100 kkal	
	Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark
A-vítamín (µg RJ) ⁽¹⁾	14	43	60	180
D-vítamín (µg) ⁽²⁾	0,25	0,75	1	3

(1) A-vítamín gefið upp sem retínól jafngildi. RJ = 3,33 alþjóðaeiningar (ae).

(2) D-vítamín gefið upp sem kólealsiferól. 10 µg = 400 alþjóðaeiningar af D-vítamíni.

Þessi mörk gilda einnig ef A- og D-vítamíni er bætt út í annan tilbúinn barnamat, þar sem korn er uppistaðan.

7. Hámarksgildi fyrir viðbætt vítamín, steinefni og snefilefni.

Kröfurnar um næringarefni, eiga við um vörur tilbúna til notkunar og eru markaðssettar þannig eða endurgerðar samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans, að undanskildu kalíumi og kalsíumi þar sem kröfurnar eiga við um selda vöru.

Næringarefni	Hámark á 100 kkal
A-vítamín (µg RJ)	180
E-vítamín (mg α-TJ) ⁽¹⁾	3
D-vítamín (µg)	3
C-vítamín (mg)	12,5/25 ⁽²⁾
Þiamín (mg) Ribóflavín (mg) Níasín (mg NJ) ⁽³⁾	0,5
B6-vítamín (mg)	0,4
Fólínsýra (µg)	4,5
B12-vítamín (µg)	0,35
Pantóþensýra (mg)	50
Bíótín (µg)	0,35
	1,5
	10
Kalíum (mg)	160
Kalsíum (mg)	80/180(4)/100(5)
Magnésíum (mg)	40
Járn (mg)	3
Sink (mg)	2
Kopar (µg)	40
Joð (µg)	35
Mangan (mg)	0,6

(1) α-TJ = d-α-tókóferóljafngildi.

(2) Mörk sem gilda um vörur sem eru járnþættar.

(3) NJ = niasínjafngildi = mg nikótínsýru + mg trýptófans/60.

(4) Mörk sem gilda um vörur sem um getur í 1. og 2. tl. a-liðar 2. mgr. 1. gr.

(5) Mörk sem gilda um vörur sem um getur í 4. tl. a-liðar 2. mgr. 1. gr.

VIÐAUKI II

Samsetning barnamatar handa ungbörnum og smábörnum.

Kröfurnar um næringarefni, eiga við um vörur sem eru tilbúna til notkunar og eru markaðssettar þannig eða endurgerðar samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.

1. Prótein.

1.1. Ef kjöt, alifuglar, fiskur, innmatur eða aðrir hefðbundnir próteingjafar eru einu efnisþættirnir sem nefndir eru í heiti vörunnar, þá:

skulu tilgreindar tegundir af kjöti, alifuglum, fiski, innmat eða öðrum hefðbundnum próteingjöfum vega samanlagt a.m.k. 40% af þyngd fullgerðu vörunnar, skal hver tilgreind tegund af kjöti, alifuglum, fiski, innmat eða öðrum hefðbundnum próteingjöfum vega a.m.k. 25% af heildarþyngd tilgreindu próteingjafanna, skal heildarpróteinið úr tilgreindum próteingjöfum vera a.m.k. 1,7 g/100 kJ (7 g/100 kkal).

1.2. Ef kjöt, alifuglar, fiskur, innmatur eða aðrir hefðbundnir próteingjafar, hver fyrir sig eða í samsetningu, eru nefndir fremst í heiti vörunnar, hvort sem varan er sett fram sem máltíð eða ekki, þá:

skulu tilgreindar tegundir af kjöti, alifuglum, fiski, innmat eða öðrum hefðbundnum próteingjöfum vega samanlagt a.m.k. 10% af þyngd fullgerðu vörunnar, skal hver tilgreind tegund af kjöti, alifuglum, fiski, innmat eða öðrum hefðbundnum próteingjöfum vega a.m.k. 25% af þyngd allra tilgreindu próteingjafanna, skal próteinið úr tilgreindu próteingjöfunum vera a.m.k. 1 g/100 kJ (4 g/100 kkal).

1.3. Ef kjöt, alifuglar, fiskur, innmat eða aðrir hefðbundnir próteingjafar, hver fyrir sig eða í samsetningu, koma fyrir í heiti vörunnar, hvort sem varan er kynnt sem máltíð eða ekki:

skulu tilgreindar tegundir af kjöti, alifuglum, fiski, innmat eða öðrum hefðbundnum próteingjöfum vega samanlagt a.m.k. 8% af heildarþyngd vörunnar, skal hver tilgreind tegund af kjöti, alifuglum, fiski, innmat eða öðrum hefðbundnum próteingjöfum vega a.m.k. 25% af heildarþyngd próteingjafanna, skal próteinið úr tilgreindu próteingjöfunum vera a.m.k. 0,5 g/100 kJ (2,2 g/100 kkal), skal heildarmagn próteins í vörunni, frá öllum próteingjöfum, vera a.m.k. 0,7 g/100 kJ (3 g/100 kkal).

1.4. Ef ostur er tilgreindur ásamt öðrum innihaldsefnum í heiti bragðmikillar vöru, hvort sem hún er talin vera máltíð eða ekki, þá:

skal prótein úr mjólk vera a.m.k. 0,5 g/100 kJ (2,2 g/100 kkal), skal heildarmagn próteins í vörunni, frá öllum próteingjöfum, vera a.m.k. 0,7 g/100 kJ (3 g/100 kkal).

1.5. Ef fram kemur á merkimiða að líta ber á vöruna sem máltíð en hvergi er minnst á kjöt, alifugla, fisk, innmat eða aðra hefðbundna próteingjafa í heiti vörunnar skal heildarinnihald próteins í vörunni, frá öllum próteingjöfum, vera a.m.k. 0,7 g/100 kJ (3 g/100 kkal).

1.6. Sósar, sem eru tilgreindar sem meðlæti með máltíð, eru undanskildar kröfunum í liðum 1.1 til 1.5, að báðum meðtöldum.

1.7. Í eftirrétum, þar sem mjólkurvörur eru tilgreindar sem fyrstu eða einu innihaldsefnin í heitinu, skal mjólkurprótein vera a.m.k. 2,2 g/100 kkal. Allir aðrir eftirrétir eru undanþegnir kröfunum í lið 1.1 til 1.5.

1.8. Heimilt er að bæta við aminosýrum í þeim tilgangi einum að auka næringargildi þeirra próteina sem fyrir eru og aðeins í þeim hlutföllum sem eru nauðsynleg til þess að ná því markmiði.

2. *Kolvetni.*

Heildarmagn kolvetna í ávaxtasafa, grænmetissafa og ávaxtanektar, hreinum ávaxtarétum, eftirrétum og búðingum skal ekki vera meira en:

- 10 g/100 ml fyrir grænmetissafa og drykki sem byggjast á þeim,
- 15 g/100 ml fyrir ávaxtasafa og ávaxtanektar og drykki sem byggjast á þeim,
- 20 g/100 g fyrir hreina ávaxtarétti,
- 25 g/100 g fyrir eftirrétti og búðinga,
- 5 g/100 g fyrir aðra drykki sem innihalda ekki mjólk.

3. *Fita.*

3.1. Eftirfarandi á við um vörur sem vísað er til í lið 1.1. í þessum viðauka:

Ef kjöt eða ostur eru einu innihaldsefnin eða eru tilgreind fremst í heiti vörunnar skal heildarmagn fitu, úr öllum fitugjöfum, ekki vera meira en 1,4 g/100 kJ (6 g/100 kkal).

3.2. Fyrir allar aðrar vörur skal heildarfitu, úr öllum fitugjöfum, ekki vera meiri en 1,1 g/100 kJ (4,5 g/100 kkal).

4. *Natríum.*

4.1. Endanlegt magn natríums í vöru skal annaðhvort ekki vera meira en 48 mg/100 kJ (200 mg/100 kkal) eða ekki meira en 200 mg/100 g. Ef ostur er eina innihaldsefnið, sem er nefnt í heiti vörunnar, skal endanlegt natríummagn vörunnar hins vegar ekki vera meira en 70 mg/100 kJ (300 mg/100 kkal).

4.2. Ekki má bæta natríumsöltum í vörur sem gerðar eru úr ávöxtum eða í eftirrétti og búðinga nema í tæknilegum tilgangi.

5. *Vítamín.*

C-vítamín.

Endanlegt magn C-vítamíns í ávaxtasafa, ávaxtanektar eða grænmetissafa skal annaðhvort vera a.m.k. 6 mg/100 kJ (25 mg/100 kkal) eða a.m.k. 25 mg/100 g.

A-vítamín.

Endanlegt magn A-vítamíns í grænmetissafa skal vera a.m.k. 25 µg RJ/100 kJ (100 µg RJ/100 kkal).

Ekki má bæta A-vítamíni í annan barnamat.

D-vítamín.

Ekki má bæta D-vítamíni í barnamat.

6. Hámarksgildi fyrir viðbætt vítamín, steinefni og snefilefni.

Kröfurnar sem varða næringarefni eiga við um vörur sem eru tilbúnar til neyslu og markaðssettar þannig eða endurgerðar samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans, að undanskildu kalíum og kalsíum þar sem kröfurnar eiga við um selda vöru.

Næringarefni	Hámark á 100 kkal
A-vítamín (µg RJ)	180 ⁽¹⁾
E-vítamín (mg α-TJ)	3
C-vítamín (mg)	12,5/25 ⁽²⁾ /125 ⁽³⁾
Þíamín (mg)	0,25
Ríbóflavín (mg)	0,4
Níásín (mg NJ)	4,5
B6-vítamín (mg)	0,35
Fólínsýra (µg)	50
B12-vítamín (µg)	0,35
Pantóþensýra (mg)	1,5
Bíótín (µg)	10
Kalíum (mg)	160
Kalsíum (mg)	80
Magnesíum (mg)	40
Járn (mg)	3
Sínk (mg)	2
Kopar (µg)	40
Joð (µg)	35
Mangan (mg)	0,6

(1) Í samræmi við ákvæðin í 5. lið.

(2) Mörk sem gilda um vörur sem eru járnþættar.

(3) Mörk sem gilda um rétti sem byggjast á ávöxtum, ávaxtasafa, ávaxtanektar og grænmetissafa.

VIÐAUKI III

Aminósýrusamsetning kaseíns.

	(g/100 g af próteini)
Argínín	3,7
Systín	0,3
Histidín	2,9
Ísóleusín	5,4
Leusín	9,5
Lýsín	8,1
Metíónín	2,8
Fenýlalanín	5,2
Þreónín	4,7
Trýptófan	1,6
Týrósín	5,8
Valín	6,7

VIÐAUKI IV

Næringarefni.

1. Vítamín. A-vítamín

Retínól

Retínýlasetat

Retínýlpalmítat

Betakarótín

D-vítamín

D2-vítamín (= ergókalsíferól) D3-vítamín (= kólealsíferól)

B1-vítamín

Þíamínhýdróklóríð Þíamínmonónítrat

B2-vítamín

Ríboflavín

Natríumríboflavín-5'-fosfat

Níasín

Nikótínamíð Nikótínsýra

B6-vítamín

Pýridoxínhýdróklóríð

Pýridoxín-5-fosfat Pýridoxíndípalmitat

Pantóþensýra

Kalsíum-D-pantóþenat

Natríum-D-pantóþenat Dexpanþenól

Fólat

Fólínsýra

B12-vítamín

Sýanókóbalamín Hýdroxókóbalamín

Bíótín D-bíótín*C- vítamín*

L-askorbínsýra

Natríum-L-askorbat

Kalsíum-L-askorbat

6-palmitýl-L-askorbínsýra (askorbýlpalmitat) Kalíumaskorbat

K-vítamín

Fýllókinon (fýtómenadion)

E-vítamín

D-alfa-tókóferól

DL-alfa-tókóferól

D-alfa-tókóferólasetat

DL-alfa-tókóferólasetat

2. Aminósýrur:

L-arginín

L-systín

L-histidín

L-ísóleusín

L-leusín

L-lýsín

L-systín og hýdróklóríð þeirra L-metiónín

L-fenýlalanín

L-þreonín

L-trýptófan

L-týrósín

L-valín

3. Annað.

Kólín

Kólinklóríð

Kólínsítrat

Kólinbítartrat

Inósítól

L-karnítín

L-karnítínhýdróklóríð

4. Sölt steinefna og snefilefni. Kalsíum

Kalsíumkarbónat
Kalsíumklóríð
Kalsíumsalt af sítrónusýru
Kalsíumglúkonat
Kalsíumglýserófosfat
Kalsíumlaktat
Kalsíumoxíð
Kalsíumhýdroxíð Kalsíumsölt af ortófosfórsýru
Magnesíum
Magnesíumkarbónat
Magnesíumklóríð
Magnesíumsalt af sítrónusýru
Magnesíumglúkonat
Magnesíumoxíð
Magnesíumhýdroxíð
Magnesíumsölt af ortófosfórsýru
Magnesíumsúlfat Magnesíumlaktat Magnesíumglýserófosfat
Kalíum
Kalíumklóríð
Kalíumsalt af sítrónusýru
Kalíumglúkonat
Kalíumlaktat Kalíumglýserófosfat
Járn
Ferrósítrat
Ferriammoníumsítrat
Ferróglúkonat
Ferrólaktat
Ferrósúlfat
Ferrófúmarat
Ferrídífosfat (ferrípýrófosfat)
Járn (sem frumefni) (karbónýl- og vetnisafoxað járn og járn afoxað með rafgreiningu)
Ferrísakkarat
Natríumferrídífosfat Ferrókarbónat
Kopar
Kopar-lýsín samband
Kúpríkarbónat Kúprísítrat
Kúpríglúkonat Kúprísúlfat
Sink
Sinkasetat
Sinkklóríð
Sinksítrat
Sinklaktat Sinksúlfat
Sinkoxíð Sinkglúkonat
Mangan
Mangankarbónat
Manganklóríð
Mangansítrat
Manganglúkonat
Mangansúlfat

Manganglýserófosfat

Joð

Natríumjoðið

Kalíumjoðið

Kalíumjoðat

Natríumjoðat

VIÐAUKI V

Viðmiðunargildi fyrir næringarmerkingar á mat handa ungbörnum og smábörnum.

Næringarefni	Viðmiðunargildi á merkimiðum
A-vítamín	(µg) 400
D-vítamín	(µg) 10
C-vítamín	(mg) 25
Þiamín	(mg) 0,5
Ríbóflavín	(mg) 0,8
Níasínjafngildi	(mg) 9
B6-vítamín	(mg) 0,7 (µg) 100
Fólat	(µg) 0,7
B12-vítamín	(mg) 400
Kalsíum	(mg) 6
Járn	(mg) 4
Sink	
Joð	(µg) 70
Selen	(µg) 10
Kopar	(mg) 0,4

VIÐAUKI VI

Sértæk hámarksgildi leifa fyrir varnarefni eða umbrotsefni varnarefna í barnamat.

Efnaheiti	Hámarksgildi leifa (mg/kg)
Kadúsafos	0,006
Demetón-S-metýl/demetón-S-metýlsúlfón/oxýdemetónmetýl (hvort um sig eða í samsetningu, gefið upp sem demetón-S-metýl)	0,006
Etóprófos	0,008
Fiproníl (summa fiproníls og fiproníldesúlfínýls, gefin upp sem fiproníl)	0,004
Própineb/própýlenþíópvaðefni (summa própinebs og própýlenþíópvaðefnis)	0,006

VIÐAUKI VII

Varnarefni sem ekki má nota við framleiðslu landbúnaðarafurða sem ætlaðar eru til framleiðslu á barnamat.

Tafla 1

Efnaheiti (skv. skilgreiningu á varnarefnaleifum)

Disúlfótón (summa disúlfótóns, disúlfótónsúlfoxíðs og disúlfótónsúlfóns, gefin upp sem disúlfótón)
 Fensúlfópíón (summa fensúlfópíóns, súrefnishliðstæðu þess og súlfönum þeirra, gefin upp sem fensúlfópíón)
 Fentín, gefið upp sem plúsjón trífenýltíns
 Haloxýfóp (summa haloxýfóps, salta þess og estera, þ.m.t. samrunaefnasambönd, gefin upp sem haloxýfóp)
 Heptaklór og *trans*-heptaklórepoxíð, gefið upp sem heptaklór
 Hexaklórbensen
 Nítrófen
 Ómetóat
 Terbúfos (summa terbúfoss og súlfoxíðs og súlfóni þess, gefin upp sem terbúfos)

Tafla 2

Efnaheiti

Aldrín og díeldrín, gefið upp sem díeldrín
Endrín

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.